



Bréf Bjarna varðandi málið og um rangsleitni Carls Löve 4. Nóvember 1936

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Byggingarfélag Alþýðu – Húsnæðiskaup – Carl Löve

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnsmálamaðurinn
Askja 2-1, Örk 4

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 4. nóvember 1936.

/>. Hjer með leyfi jeg mjer að senda yður, hattvirti herra, afrit af brjefi minu til stjórnar Byggingarfjelags Alþýðu, dags. í dag. Jafnframt hefi jeg sent bæjarstjórn Reykjavíkur afrit brjefsins til þess að hún geti gert ráðstafanir út af malinu, ef henni svo líst, þar sem málid liggur svo fyrir, að jeg hefi ekki vald til frekari aðgerða.

Virðingarfyllst

Til

hr. S. Carls Löve,

Reykjavík.

Reykjavík, 4. nóvember 1936.

Svo sem yður er þegar kunnugt af brjefi mínu, dags. 11.

júlí p.a., og allmögum samtölum mínum við formann yðar og ritara, hefir herra S. Carl Löve ítrekað kaert til míni sem eftirlitsmanns Reykjavíkurþejar með Byggingarfjelagi Alþyðu og boríð sig upp undan órjetti, er hann telur yður hafa sýnt sjer við úthlutun íbuða í hinum nýju húsum fjalgs yðar.

Út af þessu vil jeg taka fram, eftir að hafa athugað gögn þau, er þjer hafið bæði skriflega og munnlega látið mjer í tje til upplýsingar málínú, að mjer virðist nokkuð a' skorta um fullnægjandi greinargerð af yðar hálfu um það, hvenær og í hvaða röð þessum ábuðum hefir verið úthlutað. Auðsætt er, að bæjarfjelagið, sem styrkir starfsemi yðar verulega, hefir beinna hagsmuna að gæta um það, að hlunnindum þeim, er fjalgið veitir, sje úthlutað eftir þeim reglum, sem settar eru í samþykktum yðar og eiga að koma í veg fyrir, að persónuleg eða pólitisk vild eða óvild raði úthlutuninni. Af þessu leiðir aftur, að af bokum yðar verður að sjást, hverjum hver íbuð er úthlutuð, hvenær það er gert og af hvaða orsökum þeir, sem síðan standa á fjalagsskra' eru teknir fram yfir þá, sem a' undan eru. Sjéu þessar upplýsingar ekki fyrir hendi, er ómögulegt að dæma um rjettmæti þeirra ásakana, sem koma fram um, að settum reglum hafi verið fylgt, og er slikt jafn óheppilegt fyrir alla aðila, þann sem kærir, yður og bæjarfjelagið.

Rjettmæti þess, sem nú var sagt sjest berlega við athugun a' kæru hr. S. Carls Löve. Út af fyrir sig mun það ekki verða með rjett til að komu nu til greina við úthlutun foda. Þótt engj eftir upplýsingum frá yður um þetta hib fyrra.

rökum átalið, að þjer settuð honum skilyrði um sjerstaka abyrgð fyrir síðari greiðslum, og ef hann hefir ekki verið búinn að fullnægja þessu skilyrði, þegar síðustu úthlutun íbuðanna lauk, sýnist þjer ekki með rjetti verða ásakadír um rangslæitni í hans garð. En gallinn er sa', að af upplýsingum þeim, sem þjer hafið gefið mjer, er ekki mögulegt að sjá hvenær hverri íbuð var úthlutað nje hvenær úthlutuninni yfirleitt lauk. Af samtali mínu við ritara fjalags yðar, hr. Guðmund Pjetursson, skildist mjer meira að segja að einni íbuð a.m.k. hafi án nokkurra sjerstakra ástæðna verið úthlutað til manns síðar á fjalagsskrá en hr. S.Carl Löve, eftir að hinn síðarnefndi þó var búinn að fullnægja settum skilyrðum. Taldi ritari yðar í samtali við mig, að petta væri heimilt vegna þess, að hr. S.Carl Löve hafi engan rjett til íbuðar í petta skifti, þar sem hann var ekki búinn að fullnægja settum skilyrðum hinn 15. júní s.l. Þessi skilningur fær þó ekki staðist eftir 10. gr. samþykkta fjalags yðar. Herra S. Carl Löve átti vitanlega fullan rjett til jafns við aðra fjalagsmenn eftir að hann var búinn að fullnægja skilyrðunum. Hafi jeg því skilið orð ritara yðar rjett sýnist að þessu leyti hafa verið gengið á hluta hr. S.Carl Löve. Nú má vel vera, að/einhver missögn af hálfur ritara eða misskilningur af minni hálfu átt sjer stað, eða að fullnægjandi ástæður hafi verið fyrir því, að þessi maður, sem jeg minnist ekki hvað hr. G.P. sagði að hjeti, var tekinn fram yfir hr. S. Carl Löve. Fyrir allt slikt væri girt ef fullnægjandi bókhald væri um þessi atriði eins og jeg benti aður a'. Vil jeg því alvarlega beima því til yðar, að þjer framvegis hafið um petta betri reglu en verið hefur, svo að unt sje með samilegri vissu að átta sig a', hvort settum reglum er fylgt um jafn þyðingarmikið atriði og petta.

Jafnframt þessu vil jeg taka fram, að hr. S. Carl Löve hefir með brjefi 28. okt. s.l. enn ritað mjer og kærir nú að hr. Sigurði Guðnasyni, Bergstæðastræti 29 hjer í bæ, hafi verið úthlutuð íbuð í huðum þeim, sem fjalag yðar er nú að reisa, þó að nefndur Sigurður hafi ekki verið fjalagsmaður fyrr en á síðustu stundu og hafi því engan rjett til að koam nú til greina við úthlutun íbuða. Óska jeg eftir upplýsingum frá yður um petta hið fyrsta.

Afrit af brjefi þessu mun jeg senda til bæjarstjórnar
Reykjavíkur og til hr. S. Carls Löve.

✓ Endursendi hjer með plögg þau, er ritari yðar lánaði mjer.
Virkningarfylgst

Til

stjórnar Byggingarfjelags alþýðu,

R e y k j a v í k .